

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur / útgáfa: 10.08.2021

Útskriftardagur: 7.3.2022

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

- 1.1 Vöruheiti: **Klór 15**
- 1.2 Dreifiaðili: **Veso ehf.**
Miðhella2
221 Hafnarfjörður
Sími: 839-3100

Netfang: veso@veso.no
Heimasíða: www.veso.is

- 1.3 **Slys:**
Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222.
Neyðarlínunnar er 112.

2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun samkvæmt Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]:

H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H400 Mjög eitrað lífi í vatni

2.2 Merkingaratriði

Merking: Hætta



Hættusetningar (CLP): **H314** Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða, **H400** Mjög eitrað lífi í vatni,

EUH 031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfátnað/augnhlífur/andlitshlífur P303 + P361 + P353 BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu P309 EF um váhrif er að ræða eða ef lasleika verður vart P310 Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni P273 Forðist losun út í umhverfið

P309 + P311 EF um váhrif er að ræða eða ef lasleika verður vart: Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

3.1 Innihald (m.a.):

Innihald (m.a.):

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Natríumhýpóklórít	7681-52-9	231-668-3	Skin Corr 1B Aquatic Acute 1	H314 H400	<15%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

4. SKYNDIHJÁLP

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi:

Snerting við augu:	Mikilvægt! Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 25 mínútur. Haldið augnalokum sundurglenntum á meðan. Leitið strax lækni. Augnlæknir.
Snerting við húð:	Skolið strax með miklu vatni. Fjarlægið strax fatnað, skartgrip og/þ.h. sem slest hefur á. Leitið lækni hafi húðin skaðast eða ef erting og/eða roði eru viðvarandi. Einungis læknir má meðhöndla ættingarsár.
Inntaka:	Skolið strax munn og drekkið mikið vatn. Framkallið <u>ekki</u> uppsölu! Hafið strax samband við lækni. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun:	Ferst loft, hiti og hvíld. Skolið nef og munn með vatni. Leitið strax lækni ef mikilla óþæginda verður vart. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. BRUNI/AÐFERÐIR VEGNA SLÖKKVIÐGERA

- 5.1 Brennanleiki:** Brennur ekki (gefur frá sér klórgas við upphitun – sjá 10. lið).
- 5.2 Varúðarráðstafanir:** Ílát í nánd við eld skulu fjarlægð eða kæld með vatni.
- 5.3 Annað:** Hitni varan (t.d. vegna nálægs elds) getur myndast klórgas.

6. EFNALÉKI

- 6.1 Almenn:** Sjá 5., 8. og 10. lið.
- 6.2 Til verndar fólki:** Sjá 8. lið.
- 6.3 Til verndar umhverfi:** Komið í veg fyrir að mikið magn vörunnar komist í niðurföll eða berist á annan hátt út í sjó eða vötn - eða mengi jarðveg.
- 6.4 Hreinsun:**
- Lítill leki: Stöðvið lekann og skolið niður með miklu af vatni.
 - Mikill leki: Stöðvið lekann fylgi því ekki mikil áhætta. Þynnið með miklu af vatni. Hlutleysið ef mögulegt með natríumbíósúlfati. Ef mögulegt er skal nota ísogsefni – einungis sand eða jarðveg.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

- 7.1 Meðhöndlun:** Sýnið aðgæslu og notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá 8. lið). Opnið umbúðir varlega. Haldið fjarri efnunum sem hvarfast geta við vöruna (sjá 10. lið) – sérstaklega sýrum og súrum hreinsiefnum.
- 7.2 Geymsla:** Geymið vöruna í upprunalegu umbúðunum, lokuðum og fjarri hitagjöfum og efnunum sem hún getur hvarfast við (sjá 10. lið) – sérstaklega sýrum og súrum hreinsiefnum. Geymsluþol er eitt ár frá framleiðsludegi. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Varan má ekki frjósa.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

8.1 Mengunarmörk: Engin mengunarmörk hafa verið sett fyrir vöruna. Um þau hráefni sem notuð eru í vöruna og getið er í reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gildir eftirfarandi:

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi	Þakgildi
Natríumhýpóklóríð	7782-50-2	231-668-3	0,5 ppm (1,5 mg/m ³)	5 ppm (5 mg/m ³)

Tæknilegar öryggisráðstafanir:

Góð loftræsting. Möguleiki til augn- og húðskolunar með vatni. Vinnu skal ætíð skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er.

8.1 Persónuhlífar:

- Augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hendur: Hlífðarhandskar úr PVC, neópren eða gúmmí.
- Öndunarfæri: Sé loftræsting ekki góð þegar unnið er með háþrýstidælur eða kvoðukerfi ber að nota gassgrímu með samsettum gassíum; B og P.
- Annað: Klæðist hlífðarfatnaði – sérstaklega þegar unnið er með háþrýstidælur eða kvoðukerfi.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Útlit:	Tær, gulur vökvi.		
Lykt:	-		
pH:	~14.		
pH, þynnt lausn:	12,1 ± 0,2. 12,6 ± 0,2.	Styrkur [%]:	1,0. 3,0.
Suðumark [°C]:	>100.	Þrýstingur [kPa]:	-
Bræðslumark [°C]:	<5.		
Íkveikjumark [°C]:	Óþekkt.		
Hætta á sjálfíkveikju:	Engin.		
Eldnærandi eiginleikar:	Engir.		
Gufuþrýstingur [kPa]:	Óþekktur.	Hitastig [°C]:	-
Eðlisþyngd [kg/m ³]:	1236 ± 2.	Hitastig [°C]:	20.
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt í öllum hlutföllum.		
Leysanleiki í öðrum leysiefnum:	Óþekktur.		
Seigja [mPa·s]:	Óþekkt.	Hitastig [°C]:	-

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:	Varan er stöðug við tilætlaða notkun.
Aðstæður sem ber að forðast:	Mikill hiti.
Efni sem ber að forðast:	Sýrur og súr hreinsiefni.
Hættuleg niðurbrots-efni:	Klörgas.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1 Eiturefnafæðilegar upplýsingar:

- Erting: Ætandi.
- Ofnæmi: Ekki þekkt fyrir vöruna sjálfa, en hún inniheldur engin ofnæmisvaldandi hráefni.
- Krabbamein: Ekki þekkt fyrir vöruna sjálfa, en hún inniheldur engin krabbameinsvaldandi hráefni.

11.2 Heilsuhætta: Sjá 3. lið.

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

- 12.1 Almennt:** Engin þeirra hráefna sem notuð eru í vöruna flokkast sem hættuleg umhverfinu.
- 12.2 Lífníðurbrot:** Niðurstöður rannsókna á hráefnunum sem notuð eru í vöruna benda til þess að langstærstur hluti hennar brotni auðveldlega niður í náttúrunni, en lítill hluti hennar (<1%) brotni hægar niður.
- 12.3 Eituráhrif í vatni:** Hátt sýrustig efnisins ásamt myndun virks klórs getur m.a. haft í för með sér fiskdauða og truflanir á vatnshreinsunarbúnaði. Ætandi áhrifa á fisk (jafnvel fiskdauða) verður vart sé sýrustigið hærra en (pH>9). Sé efnið þynnt hlutleysist það fljótt.
- Þrávirkni:** Komist efnið í snertingu við lífræn efnasambönd (t.d. við notkun eða leka í skólp) geta myndast lífræn klórefnasambönd sem safnast fyrir í fæðukeðjunni.

13. FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni varlega saman við mikið vatn og meðhöndlið eins og um lítinn efnaleka sé að ræða (sjá 6. lið). Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða fargað. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. FLUTNINGUR

ADR (flutningar á vegum)

SP-númer:	1791
Innihaldslýsing:	HÝPÓKLÓRÍTILAUÐN MEÐ Á MILLI 10 OG 16% VIRKUR KLÓR
Flokkur:	8
Pökkunarflokkur:	III
Hættunúmer:	80
ADR-merking:	8

IMDG (flutningar á sjó)

UN-number:	1791
Proper ship name:	HYPOCHLORITE SOLUTION WITH BEETWEEN 10 AND 16% ACTIVE CHLORINE
Class:	8
Page:	8186
Packing group:	III

DGR (flutningar í lofti)

UN-number:	1791
Proper ship name:	HYPOCHLORITE SOLUTION WITH BEETWEEN 10 AND 16% ACTIVE CHLORINE
Packing group:	III

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

15,1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blöndun vegna öryggis,heilbrigðis og umhverfis.

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum ásamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við

reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

Merking:**H-setningar:**

- 31 Myndar eittraða lofttegund í snertingu við sýru.
- 35 Mjög ætandi.

V-setningar:

- 26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.
- 28 Berist efnið á húð, skal strax þvo með miklu vatni.
- 36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.
- 45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Vottanir/samþykktir: Varan er vottuð af Umhverfisstofnun til notkunar í matvælaíðnaði (02-370).

Útgáfudagur: 10.03.2022

Útgáfa: 1.

Unnið af: Almar Eiríksson.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé efnið blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.